

## Skólpdælustöð í Elliðaárvogi

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 3. apríl 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum um byggingu skólpdælustöðvar í Elliðaárvogi samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skólpdælustöð í Elliðaárvogi. Matsskyldufyrirspurn. Veitur – Efla. Apríl 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg þann 9. júní 2023
- Hafrannsóknastofnun þann 2. júní 2023
- Minjastofnun Íslands þann 17. maí 2023
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 31. maí 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 31. maí 2023
- Umhverfisstofnun þann 24. maí 2023

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 26. júní 2023.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

##### Forsaga

Fyrirhugaðar eru breytingar á landnotkun við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Landnotkun svæðisins, eins og staðan er í dag, skiptist annars vegar í íbúabyggð í Ártúnsholti og hins vegar atvinnu-, þjónustu- og iðnaðarstarfsemi við Ártúnshöfða. Skólp fer nú frá núverandi hverfi við Ártúnshöfða og Ártúnsholti í núverandi dælustöð við Sævarhöfða. Fyrirhugaðar breytingar við uppbyggingu hverfanna munu breyta landnotkun umtalsvert og mun svæðið við Elliðaárvog og Ártúnshöfða breytast úr atvinnu-, þjónustu- og iðnaðarstarfsemi í íbúðabyggð að mestu. Fjarlægja þarf dælustöðina vegna uppbyggingar fyrirhugaðra hverfa auk þess sem afkastageta stöðvarinnar er ekki nægileg til að anna fyrirhugaðri uppbyggingu. Því áforma Veitur að byggja nýja dælustöð skólps á landfyllingu við austurhluta ármynnis Elliðaáa í stað þeirrar við Sævarhöfða.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu dælustöðvar sem verður grafin niður að hluta. Dæluþrær og grjótgildir verða tvær fyrir utan bygginguna þannig að mögulegt sé að hafa dælustöðina í fullum rekstri þó lokað verði fyrir aðra dæluþróna vegna viðhalds og hreinsunar grjótgildru eða af öðrum ástæðum. Að dælustöðinni mun liggja lögn, 800 mm í þvermál auk þess sem komið verður fyrir 800 mm yfirfallslögn og 500 mm þrýstilögn frá stöðinni. Áætlað hönnunarrennsli fyrir stöðina er um 450



l/s sem samsvarar um 20.000 persónueiningum (p.e.) miðað við mesta rennsli. Dælustöðin verður útbúin með neyðarútrás sem mun ná a.m.k. 20 metra út fyrir stórstraumsfjörumörk eða að lágmarki 5 metra niður fyrir fjörumörkin, í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólþ. Þörf sé á frekari mælingum af hafsbotni og botni Elliðaáa til að ákvarða endanlega staðsetningu neyðarútrásar en útrásin verður lítið sem ekkert notuð þar sem varaafli verður í dælustöðinni sem mun keyra stöðina í tilfelli rafmagnsleysis í hverfinu. Hana gæti þurft að nota, ef óvænt bilun kemur upp eða aftakarennslí er í fráveitukerfi.

Við notkun neyðarútrásar verður fráveitu veitt í vatnshlot sem flokkað er sem strandsjór. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er metið gott en það er undir nokkru álagi vegna staðsetningar í þéttbýli. Áætlaður framkvæmdatími er um 1,5-2 ár og er stefnt að því að framkvæmdir hefjist sumarið 2024.

Mynd 1 Staðsetning dælustöðvar í Elliðaárvogi m.t.t. verndarsvæða





## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Veitna og umsögnum umsagnaraðila.

### Viðtaki

Í tilkynningu kemur fram að hönnun skólpdælustöðvarinnar sé með þeim hætti að ekki verði þörf á tíðri notkun neyðarútrásar auk þess sem framkvæmdaraðili geti, að mestu, stýrt því hvenær skólp fari um útrásina. Í tilfalli viðhaldsaðgerða sem getur krafist þess að útrásin sé notuð þarf að horfa til sjávarfalla og að vatnsskipti í Elliðaárvogi séu mikil. Með skilvirkri stýringu á notkun neyðarútrásar telur framkvæmdaraðili að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á viðtaka verði óveruleg en geta við ákveðnar aðstæður í viðtakanum haft nokkuð neikvæð áhrif.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að Veitum beri að fylgja ákvæðum laga um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins hefur ekki verið vistfræðilega flokkað vegna skorts á gögnum en teknar hafa verið fjórar forgangsefnafræðilegar sem dugar ekki til, til að staðfesta efnafræðilegt ástand.

Í svörum Veitna kemur fram að tekið verður tillit til laganna við frekara skipulag, hönnun og framkvæmdir. Vöktun verður gerð frekari skil við leyfisferli og mun framkvæmdaraðili framfylgja því sem þar kemur fram.

### Fuglalíf

Í tilkynningu kemur fram að fyrirhuguð skólpdælustöð verði í nágrenni við verndarsvæði og kemur neyðarútrásin m.a. til með að liggja inn á svæði sem skilgreint sé sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Auk þess eru leirur og önnur mikilvæg búsvæði fugla í Elliðaárvogi og Grafarvogi. Einnig kemur neyðarútrásin til með að þvera þangfjöru, en þangfjörur varðveita mikið fuglalíf allt árið um kring, mest þó um fartímamann að vori. Fyrirhugað framkvæmdasvæði og nágrenni þess býr yfir fjölbreyttu fuglalífi og nýta fuglar svæðið allt árið um kring til fæðuöflunar, búsetu og varps. Ljóst er að fuglalíf mun verða fyrir tímabundnum áhrifum á meðan á framkvæmdum stendur en rask mun fylgja uppbyggingu skólpdælustöðvarinnar og lagningu fráveitulagnar. Til að draga úr áhrifum framkvæmdar á fuglalíf er mikilvægt að framkvæmdir séu tímasettar með þeim hætti að raska fuglalífi síður á viðkvæmum tímum, s.s. þegar varp stendur yfir og þegar fuglalíf er hvað auðugast á svæðinu. Áhrif dælustöðvarinnar á búsvæði fugla eru þó smávægileg miðað við þau heildaráhrif sem svæðið kemur til með að verða fyrir við breytingu á landnotkun svæðisins og uppbyggingu hverfanna. Þekkt er að fuglar sækja í óhreinsað skólp sem getur haft í för með sér neikvæð áhrif þar sem fuglar ferðast víða og geta borið með sér smit um langan veg. Líklegt er að fuglar muni sækja í skólp þegar neyðarútrás verður notuð en í ljósi þess hve sjaldan útrásin verður notuð, telur framkvæmdaraðili ólíklegt að notkun hennar komi til með að breyta tegundasamsetningu fugla á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun bendir á að lífríki Elliðaárvogs sé auðugt og með hátt verndargildi, einkum fuglalíf og laxfiskar sem eiga farleið um og dvelji í voginum. Öll skólpmengun er þar afar óheppileg og því grundvallaratriði að notkun neyðarútrásar sé haldið í algjöru lágmarki eins og stefnt er að, ekki síst þar sem tvær aðrar dælustöðvar eru við veginn.

### Fiskar og botndýralíf

Í tilkynningu kemur fram að ósar Elliðaánna eru mikilvægir fyrir göngur og fæðuöflun fiska en rannsóknir hafa sýnt að fiskar staldra við í ósunum, í mislangan tíma, bæði þegar þeir ganga frá



ferskvatni til sjávar og í hina áttina. Lagning neyðarútrásar getur haft bein áhrif á fiska en lagningunni mun fylgja tímabundið rask. Með því að standa þannig að framkvæmdum að rask fari fram á tímum sem fiskar eru síður að ganga um svæðið eða staldra við í ósum Elliðaáanna, má draga úr beinum áhrifum framkvæmdarinnar á fiska. Til þess að lágmarka áhrif á fiska í ánum og við ósa mun framkvæmdaraðili því eiga samráð við Fiskistofu til þess að skipuleggja tímasetningu framkvæmda, og verður horft til þess að þær verði ekki á hrygningartíma. Skólpi getur haft neikvæð áhrif á fiska ef vatnaskipti í skólpi viðtaka eru léleg þar sem niðurbrot á lífrænu efni krefst súrefnis. Slíkar aðstæður geta leitt til þess að súrefnisskortur verður í viðtakanum sem getur haft neikvæð áhrif á fiska og aðrar lífverur þar. Í ljósi þess að tíðni á notkun neyðarútrásarinnar er lítil má ætla að fiskar verði ekki fyrir miklum áhrifum sökum súrefnisskorts. Aftur á móti geta áhrifin orðið neikvæð þegar skólpi fer um útrásina og því mikilvægt að notkun útrásar verði miðuð við þegar vatnaskipti eru góð í Elliðaárvogi og reynt að takmarka magn skólps sem fer til sjávar í hvert skipti.

Fram kemur að rannsóknir og sýnataka á botndýralífi árið 2015 hafi leitt í ljós að lífríki á botni í innsta hluta Elliðaárvogs sé frekar einsleitt, um hafi verið að ræða fáar tegundir og lítill tegundafjölbreytileiki og sé verndargildi lífríkisins því takmarkað. Ekki sé með öllu ljóst hvort ofangreind sýni hafi verið tekin á nákvæmlega sama svæði og verður fyrir áhrifum sökum neyðarútrásar en draga má þá ályktun að miklar líkur séu á því að niðurstöður rannsóknarinnar endurspegli, að mestu leyti, tegundasamsetningu og þéttleika við ósa Elliðaár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að rannsóknin frá 2015 hafi bent til þess að samfélög botndýra hafi verið verulega röskuð. Stofnunin telur að gera þurfi grein fyrir hvort mikið magn af skólpi (t.d. einstök neyðarlosun í stuttan tíma) geti haft langvarandi áhrif á næringarástand og súrefnismagn á afmörkuðu, skjólsælu svæði eins og Elliðaárvogur er. Þá telur stofnunin að framkvæmdaraðili þurfi að gera grein fyrir hvernig ætlunin sé að afla vitneskju um hvort fiskar séu á göngu um svæðið eða hafi þar viðveru þegar neyðarútrás verður notuð.

Í svörum Veitna segir að þar sem eingöngu sé um neyðarútrás að ræða er talið líklegt að áhrif á súrefnisbúskap viðtakans verði aðeins tímabundin, þegar skólpi er sleppt út í sjóinn og þ.a.l. sé ólíklegt að fiskum stafi hætta af uppsöfnun mengandi efna. Jafnframt mun framkvæmdaraðili upplýsa viðeigandi aðila s.s. Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnun um mögulegar rekstartruflanir, sem kunnir að kalla á notkun neyðarútrásarinnar sbr. núverandi verklag vegna tilkynninga um losun á óhreinsuðu skólpi í sjó.

### **Gróður**

Í tilkynningu kemur fram að vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu fáskrúðugar en þær séu ýmist með hátt, miðlungs og lágt verndargildi, skv. vistgerðaskráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Engin votlendissvæði er að finna innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Ætla má að áhrif við jarðvinnu við dælustöðina sjálfa komi til með að hafa varanleg áhrif á gróðurþekju svæðisins. Lagning lagna mun hafa óveruleg tímabundin áhrif þar sem framkvæmdaraðili hyggst taka gróðurhulu til hliðar á meðan á framkvæmdum stendur og leggja gróðurhulu aftur ofan á sárið eftir að búið er að leggja lagnirnar í jörðu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að jákvætt sé að stefnt sé að því að græða upp gróðurþekju sem raskist sem og að huga að endurheimt fjörubotns sem raskist við lagningu neyðarútrásar.

### **Samlegðaráhrif**

Í tilkynningu Veitna kemur fram að vegna áforma um töluverða uppbyggingu í Elliðaárvogi, auk þess sem miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í voginum síðustu ár sé mikilvægt að horft sé til samlegðaráhrifa með fyrirhuguðum framkvæmdum og öðrum framkvæmdum á svæðinu. Eins og áður hefur komið fram er skólpdælustöðin hluti af mun stærri framkvæmd, sem felst í breytingu á landnotkun Ártúnshöfða og Sævarhöfða auk þess sem fyrirhugað er að gera landfyllingu í



Elliðaárvog. Líklegt er að áhrif fyllingar í Elliðaárvogi muni hafa áhrif á fuglalíf, strauma, gróðurfar og fleiri þætti og má ætla að áhrif dælustöðvarinnar samanborið við landfyllingu séu óveruleg á flesta umhverfisþætti.

Varðandi samlegðaráhrif með tveimur öðrum sambærilegum skólpdælustöðvum í Elliðaárvogi liggur fyrir að allar dælustöðvarnar munu einungis dæla skólpi til sjávar í neyðartilfelli í gegnum neyðarútrás. Því er tíðni notkunar þeirra lág og ekki hætta á langvarandi samlegðaráhrifum. Hins vegar geta samlegðaráhrif verið til staðar ef fleiri en ein neyðarútrás er í notkun á sama tíma. Framkvæmdaraðili er meðvitaður um þetta og leggur því áherslu á að koma í veg fyrir slíkar aðstæður.

Í umsögnum hefur verið bent á að staðsetning neyðarrásar beint út í mynni Elliðaáa sé afar óheppileg. Lýst er yfir efasemdum að hægt verði að stýra notkun neyðarútrásar þar sem slíkar útrásir opnast helst vegna álags á kerfið, rafmagnsleysis eða bilana og því ólíklegt að unnt verði að stýra losun nema ef um skipulagt viðhald á stöðinni sé að ræða. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að þegar eru komnar þrjár útrásir fyrir skólp á svæðinu og þyrfti að gera ráð fyrir vöktun á áhrifum losunar í viðtaka, en auk gerlamengunar geta óæskileg efni í skólpi s.s. svokölluð forgangsefni sem eru hættuleg og þrávirk efni sem valda alvarlegri mengun eða eitrun í vatni eða út frá því og raðað er í forgangsröð eftir hættu sem af þeim stafar. Náttúrufræðistofnun bendir á að Elliðaárvogur og lífríki svæðisins er undir töluverðu álagi nú þegar og því brýnt að átta sig á hvaða áhrif skipulags- og framkvæmdaáform munu hafa. Mikilvægt er að þetta sé greint gaumgæfilega t.d. í frekari skipulagsvinnu en einnig að þetta sé haft í huga við áframhaldandi undirbúning einstakra framkvæmda.

Veitur taka undir að mikilvægt sé að tekið sé mið af því álagi sem sé á svæðinu við frekari skipulags- og framkvæmdaáform.

## 5 Skipulag og leyfi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er gert ráð fyrir að skólpdælu- og hreinsistöðvum og öðrum minniháttar veitumannvirkjum megi finna stað á öðrum landnotkunarsvæðum en iðnaðarsvæðum, svo sem á opnum svæðum (OP) og strandsvæðum (ST), enda sé þannig staðið að hönnun og frágangi að mannvirki falli vel að umhverfinu. Skipulagsstofnun bendir á að um er að ræða starfleyfisskylda starfsemi og minnir í því sambandi á úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála en nefndin hefur felld úr gildi starfsleyfi fyrir starfsemi sem nefndin telur ekki samræmast landnotkun viðkomandi svæðis t.a.m. starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði í Álfsnesi. Með hliðsjón af því mælir Skipulagsstofnun með að gerð verði breyting á aðalskipulagi þar sem umrætt svæði verður skilgreint sem iðnaðarsvæði. Verið er að vinna að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir nýju dælistöðinni.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða byggingu skólpdælustöðvar og gerð neyðarútrásar við mynni Elliðaáanna sem mun koma í stað núverandi skólpdælustöðvar við Sævarhöfða. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



## Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmyndunar og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að hún hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til ármynna, haf- og strandsvæða og þéttbýlla svæða sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangslitla framkvæmd í þéttbýli sem er staðsett á og í nágrenni svæða sem njóta verndar og kann framkvæmdin að hafa neikvæð áhrif á viðkvæm svæði vegna eðlis hennar. Ljóst er að bygging dælustöðvarinnar og lagnir munu valda nokkru raski á framkvæmdatíma en með vönduðum frágangi má draga úr neikvæðum ásýndaráhrifum til lengri tíma litið. Hins vegar ber að líta til þess að á svæðinu við Elliðaárvog eru áform um töluverða uppbyggingu m.a. gerð landfyllingar fyrir umfangsmikla íbúðarbyggð sem farið hefur í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum. Í því samhengi mun tilkoma dælustöðvar á svæðinu ekki koma til með að breyta miklu um ásýnd svæðisins.

Fyrir liggur að áhrif fyrirhugaðrar skólpdælustöðvar geta helst verið vegna losunar óhreinsaðs skólps um svokallaða neyðarútrás en fyrir eru tvær aðrar sambærilegar stöðvar við Elliðaárvog. Ljóst er að ómeðhöndlað skólp í miklu magni kann að hafa neikvæð áhrif á lífríki vogsins bæði losun frá fyrirhugaðri dælustöð og þá einkum og sér í lagi vegna samlegðaráhrifa ef horft er til allra stöðvanna. Hins vegar er losun á skólpinu neyðarráðstöfun, þ.e. vegna annað hvort ófyrirsjáanlegra atvika eða bilana og viðhalds sem er þá hægt að stýra og miða þá við hagstæðar aðstæður í sjónum og þá í engum tilfellum má gera ráð fyrir að skólp verði losað samtímis hinum skólpdælustöðvunum. Skipulagsstofnun telur að ekki séu líkur á verulega neikvæðum áhrifum á viðtakann og lífríki Elliðaárvogs vegna losunar skólpsins í ljósi framangreinds en þó kann að gæta tímabundið neikvæðra áhrifa. Stofnunin telur þó að nokkur óvissa sé um hugsanleg neikvæð áhrif af neyðarlosuninni á lífríki Elliðaárvogs m.a. þar sem ekki liggur fyrir, eðli málsins samkvæmt, tíðni losunar og magn og hve lengi skólp mun renna út í viðtakann. Þá liggur fyrir að ástand vatnshlotsins Elliðaárvogur-Grafarvogur sem losað verður í hefur ekki verið vistfræðilega flokkað og því ákveðin óvissa hvort vatnshlotið nái umhverfismarkmiðum sínum um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand í samræmi við ákvæði vatnalaga. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að tilefni sé til að setja ákvæði um vöktun í starfsleyfi eftirlitsins á áhrifum losunar í viðtaka.

Ljóst er hins vegar að Elliðaárvogur og lífríki hans er undir töluverðu álagi nú þegar vegna ýmissa framkvæmda og með tilkomu landfyllingar fyrir íbúðarbyggð í vöginum mun þetta álag aukast enn frekar. Eins og áður sagði liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum landfyllinga í Elliðaárvogi þar sem fjallað er um og lagt mat á áhrif þeirra á m.a. laxfiska og fugla. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar í framlögðum gögnum um að mikilvægt sé að tekið verði mið af því álagi sem sé á svæðinu við frekari skipulags- og framkvæmdaáform.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. ágúst 2023.

Reykjavík, 14. júlí 2023

Jakob Gunnarsson